

1866.  
11. maí.

dómsmálastjórnarinnar sagt það álit yðar í bræfi dagsettu 19. febrúarmán. 1864, að þaræð jarðir þessar áður fyrri hafa verið lagðar til guðspakka, og ekki hefir verið goldin tíund af þeim síðan, hljóti þær framvegis, samkvæmt því sem ákvarðað er um jarðir þær, er áður voru eign Hólastóls, með hæstaréttardómi 16. febrúarmán. 1859, að vera aðnjótandi þessa tíundarfrelsis, með því að tilfelli það, sem hér ræðir um, er svo líkt því, sem hæstaréttardómurinn hefir gjört út um, að það virðist rétt, að heimfæra hann uppá það.

Eptir að dómsmálastjórninni nú með bræfum yðar 6. septembarmán. 1864 og 8. febrúarmán. þ. á. hafa borizt skjöl þau, er snerta málefni þetta, og eptirrit af uppboðsbók Skagafjarðar sýslu um skilmálana við sölu jarðanna, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þær kunngjörð það, að dómsmálastjórnin fellst á álit það, er þær hafð látíð í ljósi um málefni þetta.

12. maí.

#### 43. Auglýsing um, að Oddeyri sè lögð undir kaupstaðinn Akureyri.

Eptir þeirri heimild, sem dómsmálastjórninni til þess er veitt í 1. gr. í reglugjörð 29. ágústmán. 1862, um að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar, hefir stjórnarráðið samkvæmt tillögum hlutadeigandi amtmanns og bæjarstjórnarinnar í greindum kaupstað úrskurðað, að Oddeyri, er svo er nefnd, skuli framvegis heyra undir bæjarfélag og lögsagnarumdæmi Akureyrar kaupstaðar.

Þetta gefst hérmed öllum hlutadeigendum til vitundar.

Í dómsmálastjórninni, 12. dag maímánaðar 1866.

Th. Rosenörn Teilmann.

Fr. Reinhardt.